

**Erindi:**

**Beiðni um 20 m.kr. aukafjárveitingu til Menningarfélags Akureyrar í kjölfar samdráttar hjá félaginu vegna Covid19.**

Vegna sóttvarnarráðstafana hefur Menningarfélag Akureyrar orðið af verulegum tekjum. Tekjufallið er hvað mest hjá Menningarhúsinu Hofi vegna útleigu á sölum til viðburðahaldara en samdrátturinn milli ára nemur 10. m.kr.

Menningarfélag Akureyrar rekur einnig Leikfélag Akureyrar (LA) og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands (SN).

Fresta hefur þurft æfingum og sýningum hjá LA sem hefur bæði áhrif á miðasölu og hækkun launakostnaðar. Áætlað er að tapaðar miðasölutekjur nemi um 6. m.kr. og hækkun launakostnaðar nemi 4. m.kr.

Þar sem öllum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands hefur verið frestað er ekki um eiginlegan samdrátt að ræða, heldur er búist við að tónleikahald geti farið af stað með vorinu 2021 og þar með unnið samdráttinn upp.

Þar sem félögin Þrjú, LA, SN og Hof, eru rekin af einu félagi, hefur samdráttur á einu sviði veruleg áhrif á önnur svið. Þegar samdráttur af þessu tagi verður í útleigu Hof, hefur það áhrif á getu SN og LA til að sinna skyldum sínum, það er að skapa störf og menningarleg verðmæti og ef ekki er brugðist við með aukafjármagni mun samdrátturinn hafa veruleg áhrif á starfsemi félaganna til næstu ára.

Ekki er útséð með að samdráttur félagsins verði enn meiri en getið er um hér að ofan.

Með vinsemd og virðingu

---

Evar Hrund Einarsdóttir

Stjórnarformaður Menningarfélags Akureyrar

---

Þuríður Helga Kristjánsdóttir

Framkvæmdastjóri